

Nd. 53. Frumvarp til laga
um almenn gæðamerki.

Flm.: Finnur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Félög með heimilisfangi á Íslandi, sem hafa það að markmiði, að gæta sameiginlegra atvinnuhagsmuna félaga sinna, skulu, með því að láta skrásetja almenn gæðamerki, sem ætluð séu í viðskiptum til þess að greina vörur félaganna frá vörum annara, eða til tryggingar eftirlits, geta öðlzt einkarétt fyrir félag sína til notkunar slíkra gæðamerkja, enda þótt félög þessi reki ekki neina þá atvinnu, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903.

Opinber stjórnarvöld eða stofnanir á Íslandi, sem gæta sameiginlegra atvinnurekstrarhagsmuna flokks ríkisborgara, geta einnig öðlzt slíkan einkarétt með því að láta skrásetja almenn gæðamerki.

Um merki þau, er ræðir um í þessari grein, skulu gilda ákvæði framan- greindra laga, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Nú beiðist félag skrásetningar merkis, og skal þá í beiðninni greina nafn félagsins og heimilisfang félagsstjórnarinnar; ennfremur skal fylgja beiðninni eintak af samþykktum félagsins og í þeim skal tekið greinilega fram:

1. Hvert sé markmið félagsins.
2. Hverjum sé heimilt að nota merkið, svo og hver skilyrði séu sett fyrir slíkum rétti.
3. Hver réttindi og hverjar skyldur fyrir félagið sjálft eða féлага þess leiði af notkun merkisins á óheimilan hátt.
4. Hver eða hverjir hafi heimild til að koma fram fyrir félagsins hönd.

Kröfu opinbers stjórnarvalds eða stofnunar um skrásetning merkis skal fylgja eintak af lögum þeim eða öðrum ákvæðum, sem við eiga, og séu í þeim samskonar upplýsingar, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. greinar þessarar.

Nú verða síðar breytingar á atriðum þeim, sem að framan greinir, og skal þá tilkynna þær þeim, sem annast skrásetninguna.

Fyrir skrásetning almenns gæðamerkis og auglýsingu um skrásetninguna greiðist 120 kr. gjald; fyrir endurnýjun 40 kr. gjald.

3. gr.

Eigi er heimilt að framselja öðrum rétt til almenns gæðamerkis, sem skrásett er.

4. gr.

Sérhverjum er heimilt að krefjast þess, að skrásetningin skuli afmáð með dómi:

- a. Ef félag það, sem á merkið, er hætt störfum,
- b. ef breytzt hafa verulega skilyrði þau, er voru fyrir hendi þegar merkið var tilkynnt, og
- c. ef félagið kemur ekki fram ábyrgð á hendur þeim, sem nota merkið á óheimilan hátt, þrátt fyrir áminningu um að koma fram slíkri ábyrgð.

5. gr.

Skylda sú til skaðabóta, sem hvílir á þeim, er brjóta í bága við einkarétt þann, sem stofnast með skrásetningu almenns gæðamerkis, nær eigi einvörðungu til þess að bæta tjón, sem sjálfur eigandi merkisins kann að hafa orðið fyrir; heldur einnig til að bæta tjón það, sem þeir kunna að hafa beðið, sem áttu rétt á að nota merkið.

6. gr.

Með því skilyrði, að um gagnkvæmi sé að ræða, ná framangreind ákvæði einnig til félaga, sem eiga heimilisfang í einhverju þeirra ríkja, sem ákvæði vörumerkjagagna hafa náð gildi um samkvæmt 15. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, svo og til opinberra stjórnarvalda eða stofnana með heimilisfangi í umræddum ríkjum.

7. gr.

Merki þau, sem hér ræðir um, skal skrá í sérstaka deild vörumerkja-skrárinnar, og ákveður atvinnumálaráðherra fyrirkomulag, form og færslu þessarar deildar.

8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, eftir samráði við fulltrúa atvinnurekenda, æskilegt að láta skrásetja almennt islenskt gæðamerki, sem nota megir á afurðir útfluttar frá Íslandi, er öruggt sé að telja gæðavörur samkvæmt gildandi ákvæðum um eftirlit með útflutningsvörum, og má þá setja ákvæði um skilyrði fyrir notkun þessa merkis með konunglegri tilskipun. Í tilskipuninni má setja ákvæði, er banni að nota hér á landi merki, sem hægt er að villast á og skrásetta almenna gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til og flytja til landsins, án samþykkis ráðherra, eftirmyndir af almenna gæðamerkinu eða af merkjum, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til eða flytja til landsins stimpla, myndamót eða annað, sem ætlað er til þess að gera gæðamerkið eða annað merki, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu. Í tilskipuninni má og ákveða, að framleiðandi eða útflytjandi, sem gætir ekki fyrir mæla þeirra, sem sett eru um notkun almenna gæðamerkisins, skuli missa réttinn til að nota það, um skemmri tíma eða að fullu og öllu.

Loks má ákveða í tilskipuninni sektir frá 10—5000 kr. fyrir brot á ákvæðum tilskipunarinnar.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, sem skrásetning almenna gæðamerkisins hefir í för með sér í löndum þeim, sem Ísland selur afurðir sínar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta er upphaflega samið af sendiráði Íslands í Khöfn og hefir verið sent nokkrum sinnum frá stjórnarráðinu til þingnefnda, en af einhverjum ástæðum ekki náð fram að ganga, þrátt fyrir ákveðin meðmæli ýmsra atvinnustofnana í landinu. Í framsögu verður gerð grein fyrir hverjar ástæður liggja til, að nú er sérstök þörf á að fá frv. þetta lögtekið, en frá þeim, er frv. sendi upphaflega, fylgdu þessar athugasemdir, örlítið breyttar:

„Með lögum um vörumerki 13. nóvember 1903 er aðeins einstökum mönnum eða félögum heimilaður réttur til að fá vörumerki skrásett. Í samræmi við það, sem þá tíðkaðist í vörumerkjaloggjöf annara landa, var ekki heimild til að láta skrásetja hin svonefndu almennu gæðamerki, þ. e. a. s. merki, sem ríki, sveitarfélög eða félagsskapur einstakra borgara óskaði að nota sem einkenni eða tryggingarmerki á allar þær vörur, sem félagar þess framleiddu eða flyttu út.

Breytingar á síðari árum hafa gert það að verkum, að nauðsynlegt þykir,

að hægt sé að nota slík almenn gæðamerki. Á alþjóðaráðstefnum hafa verið gerðar fyrst samþykktir um, að vörumerkjaloggjöf landanna ætti að heimila skrásetning almennra gæðamerkja. Almennu gæðamerkin hafa rutt sér til rúms víða um lönd og eru talin mikilsvarðandi, sérstaklega að því er snertir útflutningsvörur. Þegar afurðir einhvers lands, sökum sérstakra gæða, hafa fengið gott orð á sig, og einkum ef samfara er opinbert eftirlit með eða mat á gæðum vörunnar, er mikið gagn að því að hafa almennt gæðamerki á þessum afurðum, sem skráð sé í markaðslöndunum. Þegar ríki lætur skrásetja almennt gæðamerki, bætist ennfremur við, að hægt er að láta notkun þess verða þátt í eftirliti með afurðum þeim, sem það er notað á. Á þennan hátt hefir t. d. lúðurmerkið, sem danska ríkið hefir látið skrásetja sem almennt gæðamerki á smjöri, er fullnægir útflutningsskilyrðum þeim, sem ríkið hefir sett, haft mjög mikla þýðingu bæði til að bæta framleiðsluna innanlands og eins til að aftra því í öðrum löndum, að smjör annara þjóða sé boðið út sem danskt smjör. Ennfremur hefir norska stjórnin með líkum hætti látið skrásetja í ýmsum löndum almennt þjóðlegt gæðamerki, „Hestemandsmærket“, sem notað mun vera bæði á saltfisk, niðursuðuvörur og landbúnaðarafurðir, sem út eru fluttar.

Með framanskráðu lagafrumvarpi er farið fram á að fá heimild til skrásetningar almennra gæðamerkja hér í landi. Sumpart virðist vera rétt, að íslensk vörumerkjaloggjöf sé höfð í samræmi við vörumerkjaloggjöf annara landa, svo að einnig verði hægt að skrásetja erlend almenn gæðamerki framvegis á Íslandi, og sumpart virðist rétt að gera ráðstafanir til, að hægt sé að skrásetja íslenskt gæðamerki. Merkið mætti skrásetja annaðhvort í nafni framleiðendafélagsskapar eða ríkisins sem almennt gæðamerki á landbúnaðar- eða sjávarafurðir eða hvorttveggja, sem telja mætti, vegna eftirlits hins opinbera með vöruvönduninni, að gagnlegt væri og óhætt að einkenna sem gæðavöru af íslenskum uppruna.

Ákvæðin í 1.—7. gr. miða að því, að hægt sé að fá almennt gæðamerki skrásett, og eru næstum því samhljóða samskonar reglum, er settar eru annarsstaðar, t. d. í Danmörku með lögum 2. apríl 1913 og í Noregi með lögum 9. júlí 1923.

Í 8. gr. er auk þess stungið upp á að veita stjórninni heimild til, ef vill, að láta skrásetja íslenskt almennt gæðamerki fyrir útflutningsafurðir þær, sem vegna opinbers eftirlits er óhætt að telja gæðavörur, og má tryggja rétta notkun merkisins enn betur með ákvæðum í konunglegri tilskipun. Það er ekki tilgangurinn, að slík heimild yrði notuð öðruvísi en í samráði við fulltrúa þeirra atvinnugreina, sem njóta ættu góðs af notkun gæðamerkisins, en þar sem nokkurn undirbúning þarf til að koma málinu í framkvæmd, er leitað heimildar í lagafrumvarpinu til að setja meggi með konunglegri tilskipun ákvæði þau, sem nauðsynleg kynnu að þykja, ef ríkisstjórnin og fulltrúar atvinnuveganna koma sér saman um, að hyggilegt sé að láta skrásetja almennt gæðamerki á sumar aðalútflutningsvörur vorar.